
Um skiptingu höfundaréttar á verkum

Eitt af því erfiðara sem tónhöfundar þurfa að gera er að ná samkomulagi við meðhöfunda um skiptingu höfundaréttar á verkum. Hefur stundum verið sagt að deilur um skiptingu höfundaréttar sé það sem oftast sprengir upp samstarf hljómsveita sem vegnar vel.

Mikilvægt er að byrja á því að gera greinarmun á milli skiptingu höfundaréttar annars vegar og hins vegar réttar á hljóðriti.

Fyrst er rétt að segja nokkur orð um rétthafa hljóðrítisins, en það eru flytjendur á hljóðritinu auk þess sem upptökustjóri fær þar oft hlutdeild. (Í framhaldinu framselja oft flytjendur réttinn til hljóðrítisins til útgefanda skv. ákvæðum útgáfusamnings). Útgefanda ber að skrá rétthafa hljóðrítisins á vefsíðuna hljodrit.is sem SFH (Samband flytjenda og hljómplötuútgefenda) heldur úti og fær hljóðritið þá um leið svokallaðan ISRC kóða sem fylgir hljóðritinu þar eftir t.d. í spilunum í útvarpi og á tónlistarveitum.

Hvað varðar hluta höfunda í verkinu eru þeir skráðir þegar verkið sjálft er skráð hér hjá STEFi. Í úthlutunarreglum STEFs er að finna ákveðnar leiðbeiningar um skiptingu höfundaréttarins en rétt er að taka fram að þetta eru eingöngu leiðbeiningar og að meginreglan er sú að höfundar verksins sem um ræðir hafa frjálsar hendur um að semja sín á milli um skiptingu höfundaréttarins.

Við skráningu verksins þarf að geta þess hver sé tónhöfundur merktur „C“ (Composer) og hver sé textahöfundurinn sem er þá merktur „A“ (Author). Ef viðkomandi er bæði tón- og textahöfundur er hann merktur sem „CA“ Útsetjari er merktur sem „AR“ (Arranger). Þá er þýðandi texta eða sá sem hefur gert nýjan texta með leyfi höfundar merktur sem „SA“ (Aub-author). Þá eru tónlistarforleggjarar (music publishers) merktir með „E“ (editor). Sé höfundur búinn að gera samning við tónlistarforleggjara sér sá hinn sami venjulega um að skrá verkið fyrir höfundinn og þar með hlutdeild forleggjarans. STEF mælir þó með því að höfundar skoði slíkt ávallt sjálfir og hvaða hlutdeild hafi verið skráð á forleggjarann. Varðandi hlutdeild útsetjara er bent sérstaklega á sérstaka umfjöllun um útsetningar á heimasíðu STEFs.

Þegar fleiri en einn höfundur fara saman í söngvaskáldabúðir eða í stúdíó saman til að semja er það góð vinnuregla að yfirgefa ekki stúdíóið fyrr en búið er að semja um skiptingu höfundaréttarins. Þá er það einnig góð vinnuregla að sá sem kemur í stúdíóið undirbúinn með grunn að lagi eða hálftilbúið lag að viðkomandi geri strax grein fyrir því í byrjun að hann geri ráð fyrir að hann fái tiltekinn hluta höfundaréttarins fyrir það sem hann kemur með tilbúið inn í stúdíóið.

Mjög algengt er að hljómsveitir komi sér upp þeirri reglu að allir meðlimir hljómsveitarinnar skrái sig jafnt fyrir höfundarétti þeirra laga sem hljómsveitin gefur út saman. Slíkt getur verið besta leiðin til að halda friðinn innan hljómsveitar en á sama skapi afskaplega ósanngjarnt ef hluti hljómsveitarinnar eyðir miklum tíma í að semja lög hljómsveitarinnar annars staðar en á æfingum á meðan aðrir leggja mun minna til. Stundum þarf því að fara þarna eitthvað bil beggja.

Leiðbeiningar STEFs varðandi skiptingu höfundaréttar tónverka eru sem hér segir (hér er fyrst greind prósentu af heild og síðan punktar ef miðað er við eldra 12 punkta kerfi).

	Tónskáld	Útsetjari	Textahöfundur
Tónverk án texta	100% (12)		
Tónverk með texta, ef textahöfundur er óþekktur eða nýtur ekki höfundarréttarverndar	66,67% (8)		
Útsett tónverk án texta**	88,33% (10)	16,67% (2)	
Útsett tónverk með texta, ef textahöfundur er óþekktur eða nýtur ekki höfundarréttarverndar**	50% (6)	16,67% (2)	
Tónverk samið við eldri texta	66,67% (8)		33,33% (4)
Útsett tónverk samið við eldri texta**	50% (6)	16,67% (2)	33,33% (4)
Útsett tónverk án texta, ef höfundur er óþekktur eða nýtur ekki höfundarréttarverndar ***		25% (3)	
Texti með tónverki, ef höfundur er óþekktur eða nýtur ekki höfundarréttarverndar			50% (6)
Texti við útsett tónverk, ef höfundur er óþekktur eða nýtur ekki höfundarréttarverndar		16,67% (2)	50% (6)
Tónverk og texti, samið samtímis eða texti saminn við eldra tónverk*	50% (6)		50% (6)
Tónverk og texti, samið samtímis, útsett **	33,33% (4)	16,67% (2)	50% (6)

* Þegar tónverk og texti eru samin samtímis skulu tónskáld og textahöfundur og útsetjari, eftir því sem við á, tilkynna STEFi um það á þar til gerðum eyðublöðum og tilgreina skiptinguna.

** Skipting milli tónhöfundar og útsetjara er samkomulagsatriði þeirra. Almennt er miðað við að útsetjari fái 16,67% (eða sem nemur 2/12 í eldra punktakerfi) fyrir útsetninguna sem tekinn er af hlut tónhöfundar. Í undantekningartilvikum þegar um mjög flóknar útsetningar er að ræða getur útsetjari fengið 25% (eða sem nemur 3/12 í eldra punktakerfi) með samþykki tónhöfundar.

*** Sjá nánar reglur STEFs um útsetningar þjóðlaga.